

Nd.

169. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um gerð veiðitækja þeirra, er nota má til silungsveiði á félagssvæðinu, eða bannað slíka veiði með öllu, ef nauðsynlegt þykir.

2. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

3. gr.

95. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Við framkvæmd laganna um lax- og silungsveiði hefur komið í ljós, að breytinga er þörf á kafla þeim, er ræðir um veiðifélög. Í frv. þessu eru þær breytingar upp teknar, er nauðsynlegar þykja, og verður þeirra nánar getið í framsögu.

Þá þykir og tími til kominn að afnema bráðabirgðaákvæði þau, sem ræðir um í lok laganna, og má benda á það, að á búnaðarþingi því, er haldið var í vetur, var samþykkt áskorun um þetta til Alþingis.